

SVÆÐISGARÐUR Á SNÆFELLSNESI

Nú er tækifæri til að kynna sér hvað stendur til að gera og koma með ábendingar og tillögur

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi og félagasamtök í atvinnulífi á svæðinu gerðu í mars 2012 með sér samning um stofnun svæðisgarðs. Sett var á fót eigendaráð og stýrihópur fyrir verkefnið.

Svæðisgarði er ætlað að vera samstarfsvettvangur þar sem lögð er áhersla á að draga fram, nýta og styrkja sérkenni og auðlegð Snæfellsness; það sem landið og menning svæðisins býr yfir. Fyrsti áfanginn í því verkefni er að móta sameiginlega framtíðarsýn um þróun svæðisins og leiðir að henni. Ákveðið var að nýta svæðisskipulag í þessum tilgangi, en það gefur kost á að leggja traustan grunn fyrir svæðisgarð og festa sýnina í sessi.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa því skipað svæðisskipulagsnefnd sem ásamt stýrihópi svæðisgarðs mun leiða svæðisskipulagsvinnuna. Tekin hefur verið saman lýsing á því hvernig staðið verður að gerð svæðisskipulagsins. Lýsingin er „uppskrift“ að vinnunni sem framundan er við að móta svæðisgarð; viðfangsefni hans og verklag. Hún innifelur einnig grunnupplýsingar um svæðið, byggðar á gögnum frá fjölmörgum aðilum.

Lýsingin er nú auglýst og kynnt á vef verkefnisins, svaedisgardur.is, í samræmi við 23. gr. skipulagslaga. Útprintað eintak lýsingar liggur einnig frammi á bæjarskrifstofum Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar og Stykkishólmsbæjar og bókasöfnum sömu sveitarfélaga, hjá oddvitum Helgafellssveitar (Egill) og Eyja- og Miklaholtshrepps (Halldór) og hjá skipulags- og byggingarfulltrúa þeirra síðast nefndu, að Þórðargötu 18 í Borgarnesi.

Íbúar á Snæfellsnesi og aðrir hagsmunaaðilar eru hvattir til að kynna sér lýsinguna og koma á framfæri ábendingum um nálgun og helstu forsendur áætlunargerðarinnar fyrir 1. desember 2012. Þær má senda til svaedisgardur@svaedisgardur.is eða til Bjargar Ágústsdóttur, verkefnisstjóra hjá Alta, Borgarbraut 16, 350 Grundarfirði.

Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness og stýrihópur svæðisgarðs